



HSS

HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURNESJA



Ársskýrsla 2025

Starfsemin í tölum

Mikil vinna hefur verið lögð í að greina starfsemistölur síðustu ára á HSS. Ljóst er að þær tölur sem birtar hafa verið eru misvísandi og mikilvægt að komast til botns í hvað veldur.

Í ljósi þessarar stöðu hefur ráðgjafafyrirtækið KPMG verið fengið til að greina núverandi gögn og skráningu þeirra, leggja mat á gæði gagnanna, frávík og möguleika til bættrar skráningar þannig að þau séu betur hæf til úrvinnslu og birtingar.

Lokaafurð verkefnis með KPMG er heildstætt og gagnvirkt stjórnendamælaborð, byggt á traustum gögnum er varðar veitta þjónustu HSS. Mælaborðinu er ætlað að aðstoða stjórnendur við að öðlast betri innsýn með rauntíma upplýsingum til að geta tekið upplýstar ákvarðanir. Stjórnendamælaborð mun ekki síður nýttast sem verkfæri til að rýna markmið og árangur, greina tækifæri til úrbóta í starfsemi, taka gagnadrifnar ákvarðanir og bæta þannig þjónustu við skjólstaðinga í dag og til framtíðar.

Starfsemi HSS	2025	2024	2023
Íbúafjöldi í heilbrigðisumdæmi HSS	29.577	31.576	29.705
Hlutfall íbúa 80 ára og eldri sem nýtir sér þjónustu heilsugæslu	86,3%	73,4%	67,1%
Hlutfall íbúa 80 ára og eldri sem nýtir sér þjónustu heimahjúkrunar	23,9%	18,6%	16,6%
Komur á bráðamóttöku	16.898	14.289	14.785
Fjöldi legudaga	18.579	19.416	14.432
par af á sjúkradeild	7.184	7.257	7.483
par af í hjúkrunarrýmum	10.957	11.697	6.390
par af á fæðingardeild	438	462	559
Meðallegutími án útlaga	6,4	6,3	6,5
Fjöldi fæðinga	90	94	114
Fjöldi samskipta á dag- og göngudeildum	12.158	13.710	22.173
Mætingarhlutfall í skipulagða hópleit að brjóstakrabbameini	55,0%	52,0%	42,0%
Komur á heilsugæslu	55.773	57.038	66.905
par af í mæðravernd	1.825	1.930	2.793
par af í sykursýkismóttöku	2.964	2.709	2.773
par af í heilsuefliandi móttöku	1.280	882	1.330
Símtöl í heilsugæslu	46.680	48.924	60.044
Hlutfall skjólstaðinga HSS 75+ ára með skráðan heimilislækni/málastjóra	91,6%		
Hlutfall skjólstaðinga HSS 60+ ára með skráðan heimilislækni/málastjóra	36,2%		

Stjórnendur HSS

Framkvæmdastjórn árið 2025

Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir, forstjóri
Fjölur Freyr Guðmundsson, framkvæmdastjóri lækninga
Andrea Klara Hauksdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar
Helga Hauksdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs
Kjartan Kjartansson, framkvæmdastjóri fjármála og rekstrar

Ritari framkvæmdastjórnar er Sóley Ragna Ragnarsdóttir



Ástríður Sigþórsdóttir lét á dögnum af störfum sem deildarstjóri móttöku og lækna-ritara á HSS. Hér er hún ásamt Helgu Hauksdóttur, framkvæmdastjóra mannauðs, í kveðju-hófi sem henni var haldið.

Stjórnendur

Adda Þorbjörg Sigurjónsdóttir	Yfirsjúkraþjálfari
Ásta Kristbjörg Bjarnadóttir	Hjúkrunardeildarstjóri bráðamóttöku
Ástríður Sigþórsdóttir	Deildarstjóri móttöku- og lækna-ritara
Baldur Már Bragason	Upplýsingatæknistjóri
Bryndís Sævarsdóttir	Hjúkrunardeildarstjóri sjúkradeildar
Guðlaug María Sigurðardóttir	Yfirljósmóðir
Helga Auðunsdóttir	Yfirgeislafræðingur
Inga Guðlaug Helgadóttir	Yfirsálfræðingur
Krystyna Stefanczyk	Yfirlífeindafræðingur
Kristinn Logi Hallgrímsson	Yfirlæknir sjúkradeildar
Margrét Blöndal	Hjúkrunardeildarstjóri heimahjúkrunar
Maria K Idarraga Calderon	Innkaupastjóri
Ólafur Sveinn Guðmundsson	Deildarstjóri eldhúss
Snorri Björnsson	Yfirlæknir heilsugæslu
Sveinbjörg Sigríður Ólafsdóttir	Hjúkrunardeildarstjóri heilsugæslu
Vigdís Elísdóttir	Hjúkrunardeildarstjóri hjúkrunardeildar

**HSS**HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURNESJA

Frá forstjóra

Pistill forstjóra



Árið 2025 var krefjandi en um leið lærdómsríkt fyrir okkur á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Líkt og aðrir í heilbrigðiskerfinu höfum við glímt við áskoranir sem tengjast mönnun, breyttum þörfum samfélagsins, húsnæði og fjármálum. Vel hefur reynst að fylgja stefnuáherslum og gildum HSS til að viðhalda og efla hlutverk stofnunarinnar sem er að auka heilbrigði íbúa á Suðurnesjum og vera heilbrigðisstofnun til fyrirmyndar.

Á árinu hafa verið stigin skref í átt að markvissari forgangsroðun, aukinni samvinnu og skýrri framtíðarsýn. Samfélagið á Suðurnesjum hefur verið í örum vexti undanfarna áratugi og fjölbreytileiki þess kallar á mennsku og sveigjanleika í þjónustunni. Það krefst framsýni, samstarfs og kjarks til að horfast í augu við áskoranir framtíðarinnar. Mikilvægt er að þjónusta HSS þróist í takt við sívaxandi þarfir samfélagsins á Suðurnesjum, þar sem fjölgun íbúa og fjölbreyttari þjónustubörf byggir á áframhaldandi öflugu samstarfi við aðra innan heilbrigðiskerfisins.

Mannauðurinn er hjartað í starfseminni. Að hlúa að starfsfólki, hlusta, skapa rými fyrir samtal og tryggja að hér ríki heilbriggt og styðjandi starfsumhverfi er ein helsta áskorunin. Starfsfólk HSS hefur sýnt seiglu, fagmennsku og samhug oft við krefjandi aðstæður. Það er forgangsmál að skapa heilbriggt starfsumhverfi og tryggja að starfsfólk hafi tækifæri til að þróast og blómstra í starfi. Traust, gagnsæi og virkt samtal eru lykilþættir í þeirri vegferð.

HSS er fremst meðal jafningja samkvæmt árlegri þjónustukönnun á þjónustu ríkisstofnana. Þegar niðurstöður HSS eru bornar saman við árangur annarra heilbrigðisstofna sést að HSS deilir annað hvort hæstu eða næsthæstu einkunn með öðrum heilbrigðisstofnunum.



Frá ársfundi HSS í maí 2025



Stofnun ársins er könnun sem gerð er meðal starfsfólks. Niðurstöður úr Stofnun ársins eru einnig mjög hagnýtar fyrir Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, í þeirri könnun hækkað stofnunin í öllum þáttum. Það er áberandi að starfsfólk HSS metur vinnuskilyrði lélegri en starfsfólk annarra heilbrigðisstofnana, satt best að segja kemur það ekki á óvart. Húsnæði HSS er mikil áskorun og ljóst að víða þarf að taka til hendinni til að það standist þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar.

Núverandi ríkisstjórn hefur boðað þjóðaráttak í umönnun eldra fólks og að öldrunarþjónusta um land allt verði styrkt. Mikið hefur gerst í þeim málaflokki og hjúkrunarrýmum hefur fjölgað. Opnuð hafa verið glæsileg hjúkrunarrými hjá Hrafnistu á Nesvöllum. Til viðbótar við opnun á Nesvöllum hefur heilbrigðisráðherra falið HSS að reka 90 rýma hjúkrunarheimili á Ásbrú. Ef allt gengur samkvæmt áætlun má gera ráð fyrir að heimilið opni í lok árs 2027. Með opnun hjúkrunarheimilisins skapast frábært tækifæri til endurbóta og uppbyggingar á HSS. Þannig skapast möguleiki á að reka tvær sjúkradeildir og mun það verða mikilvæg viðbót í starfsemi stofnunarinnar og styðja vel við bráðamóttöku HSS.

Ég er þakklát fyrir það traust sem íbúar Suðurnesja hafa sýnt stofnuninni og er afar stolt af því starfi sem hér er unnið á hverjum degi. Með sam-eiginlegu átaki, mennsku og myndugleik að leiðarljósi munum við halda áfram að efla þjónustuna til hagsbóta fyrir skjólstæðinga, aðstandendur og samfélagið í heild. Það er óhætt að horfa fram á veginn með bjartsýni og trú á að við höfum burði til að mæta þeim áskorunum sem framtíðin ber í skauti sér.

*Með bestu kveðju og þakklæti,
Guðlaug Rákel Guðjónsdóttir, forstjóri HSS.*



HSS til fyrirmyndar — hástökkvari meðal ríkisstofnana

Stóraukin ánægja mælist í þjónustukönnun ríkisstofnana

Skjólstæðingar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja eru nú almennt ánægðir með þjónustu stofnunarinnar samkvæmt niðurstöðum samræmdrar þjónustukönnunar á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Heildaránægja með þjónustu HSS

Þegar niðurstöður könnunarinnar eru bornar saman við árangur annarra heilbrigðisstofnana má sjá að HSS deilir annaðhvort hæstu eða næsthæstu einkunn með öðrum heilbrigðisstofnunum. HSS fær á bilinu 4,2 til 4,7 stig af fimm mögulegum í öllum þáttum könnunarinnar. Veikasti þátturinn að mati notenda er hraði þjónustunnar, þrátt fyrir að HSS skori þar hæst allra heilbrigðisstofnana. Niðurstöðurnar gefa til kynna að HSS standi almennt vel að þjónustu við íbúa á Suðurnesjum og sé til fyrirmyndar. Þjónustukönnunin er uppfærð reglulega og mun þróun hennar gefa betri mynd af því hvort aðgerðir HSS til að bæta þjónustuna skili sér í enn meiri ánægju notenda í framtíðinni.

Sumarið 2024 hófst viðamikil stefnumótunarvinna í samráði við samfélagið á Suðurnesjum, íbúa, sveitarfélögin og starfsfólk HSS sem skilar sér í skýrum áherslum og gildum. Vinnunni er þó hvergi nærri lokið enda mikið verk að tryggja áframhaldandi góða heilbrigðisþjónustu á Suðurnesjum.

Mikil ánægja með viðmót og áreiðanleika upplýsinga

Samkvæmt niðurstöðunum er ánægja með viðmót starfsfólks HSS sérstaklega áberandi. Í opnum svörum lýstu notendur almennt jákvæðri upplifun af samskiptum við starfsfólk sem sýnir hlýtt og faglegt viðmót. Í þessum þætti fær HSS 4,7 stig af 5 mögulegum. Samtals segja 94% svarenda að viðmót sé mjög gott eða frekar gott og þar af gáfu 74% svarenda hæstu einkunn „Mjög gott“. Traust til upplýsinga frá HSS hefur aukist mjög. Notendur telja að upplýsingar sem þeir fá um heilsufar, meðferð og næstu skref séu skýrar og áreiðanlegar. Slíkt skiptir miklu máli í heilbrigðisþjónustu þar sem notendur eru oft í viðkvæmri stöðu og þurfa að geta treyst því að rétt sé staðið að málum. Í könnuninni gáfu 89% svarenda jákvæða umsögn og sögðu upplýsingar mjög áreiðanlegar eða frekar áreiðanlegar. Þar af voru 57% sem svöruðu „Mjög áreiðanlegar“.

Hraði þjónustunnar

Hraði þjónustunnar mælist lægstur af þeim þáttum sem teknir eru til skoðunar en þess ber að geta að einkunn HSS er hæst allra heilbrigðisstofnana. Alls gáfu 83% svarenda HSS jákvæða umsögn um hraða þjónustunnar. Þar af sögðu 43% að þjónustan hefði gengið mjög hratt fyrir sig og 40% að hún hafi gengið frekar hratt fyrir sig. Svarendur í könnuninni gáfu HSS samtals 4,2 stig fyrir hraða þjónustunnar. Í sömu könnun árið 2024 fékk HSS 2,9 stig í þessum lið, þannig að um er að ræða verulegar framfarir á stuttum tíma.

Heildareinkunn

Ánægja með þjónustu HSS



Þjónusta

Upplifun notanda á þjónustu HSS



Viðmót

Upplifun notanda á viðmóti HSS



Áreiðanleiki

Upplifun notanda á áreiðanleika upplýsinga



Hraði þjónustu

Upplifun notanda á hraða þjónustu



Gæðamál

Það er þekkt innan heilbrigðisþjónustu að atvik eru vanskráð. Mikilvægt er að skrá atvik, greina þau og síðast en ekki síst að atvik leiði til úrbóta í starfsemi. Á árinu 2025 var í fyrsta skipti sem HSS skilaði gæðauppgjöri til Embættis landlæknis og er það stórt skref í þessum málaflokki.

Atvikaskráningar starfsfólks

Betri skráning gæti skýrt fjölgun atvika milli ára en atvika-skráningum starfsfólks fjölgaði um 24%. Það sem er jákvætt er að stunguóhöppum hefur fækkað en þau voru 11 færri árið 2025 en árið 2024.

Atvik	2025	2024
Eignartjón	3	1
Áreiti / samskiptavandamál	39	20
Átök / ofbeldi	21	10
Lyfjameðferð	1	0
Meðferð / umönnun	16	24
Sóttvarnir þ.m.t stunguóhöpp	17	28
Tækjabúnaður	15	13
Annað	43	29
Samtals	155	125

Atvik sem tengjast áreiti og samskiptavanda hafa aukist umtalsvert milli ára, eða um nær helming. Þar undir falla samskipti innan og milli stofnana sem og samskipti við aðstandendur. Einnig hefur fjölgað skráðum atvikum sem tengjast átökum og/eða ofbeldi. Þá hefur orðið veruleg fjölgun í atvikum sem flokkast undir „annað“, þar á meðal eru atvik vegna mönnunar og húsnæðis svo eitthvað sé nefnt.

Atvikaskráningar sjúklinga

Skráðum atvikum skjólstæðinga fjölgaði um 48 milli ára eða um 13%.

Flokkur	2025	2024
Fall/bylta	209	200
Ofbeldi	75	37
Lyfjaatvik	58	66
Skjólstæðingur, annað	56	48
Prýstingssár	6	2
Bið eftir þjónustu	14	17
Samtals	418	370

Fjöldi bylta meðal sjúklinga eru svipaðar milli ára. Aukning er á ofbeldi en þar er í langflestum tilfellum um að ræða skjólstæðinga sem eru að beita ýmis konar ofbeldi gagnvart starfsfólki eða öðrum skjólstæðingum. Atvikum undir rannsókn hefur fækkað töluvert. Ekki eru miklar sveiflur á atvikum í öðrum flokkum. Til að gefa hugmynd um hvað fellur undir flokkinn „skjólstæðingur annað“ er til dæmis ef skjólstæðingur hefur verið rangt merktur, erfitt er að viðhalda einangrun eða sjúkl-ingur fengið rangt fæði.

En þegar atvik eru skoðuð miðað við þúsund legudaga þá eru 23 atvik á hverja þúsund legudaga árið 2025 en voru 19 talsins árið 2024 sem er 20% aukning.



HSS

HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURNESJA



Starfsfólk HSS heiðrað fyrir framúrskarandi störf

Á ársfundi HSS 2025 voru tvær einingar stofnunarinnar heiðraðar sérstaklega fyrir framúrskarandi starfsemi og framlag til heilbrigðisþjónustu á Suðurnesjum. Heimahjúkrun HSS og ræstingaþjónusta hlutu báðar viðurkenningu frá forstjóra HSS.

Heimahjúkrun fremst meðal jafningja

Heimahjúkrun HSS hefur verið í lykilhlutverki við að gera öldruðum kleift að búa lengur heima og viðhalda sjálfstæði. Hlutverk heimahjúkrunar hefur vaxið og dafnað undanfarin ár og er nú með hátt hlutfall kvöld- og helgarvitjana, sem hefur skilað sér í betri líðan, auknu öryggi og minni þörf á vistun á hjúkrunarheimilum. Á fundinum var einingin heiðruð fyrir að vera „fremst meðal jafningja“ og fyrir fjölbreytt og traust þjónustuframboð sem nýtur virðingar innan samfélagsins.

Ræstingaþjónusta fagleg og öflug

Ræstingaþjónusta HSS, sem tók formlega til starfa á nýjan hátt á árinu, fékk viðurkenningu fyrir faglegt og öflugt starf. Þjónustan hefur á skömmum tíma áunnið sér góðan orðstír innan stofnunarinnar, ekki aðeins fyrir góða umgengni og hreinlæti, heldur einnig fyrir jákvæð áhrif á starfsanda og ásýnd HSS. Mikil þjónustulund og metnaður starfsfólks ræstingaþjónustunnar var sérstaklega dreginn fram í ávarpi forstjóra.

Viðurkenningarnar eru hluti af markvissri viðleitni HSS til að vekja athygli á fyrirmyndar starfi innan stofnunarinnar.



Ærið verkefni að ná hallalausum rekstri

Árið 2025 sótti stofnunin fast að innheimta útistandandi skuldir og ósóttar tekjur fyrri ára. Árangurinn stóð ekki á sér og jukust tekjur um 92% milli ára. Munar þar mestu um tekjur rannsóknastofu HSS fyrir þá vinnu sem unnin er fyrir Landspítala, aðrar heilbrigðisstofnanir og heilsugæslur en einnig var samvinna HSS við Sjúkratryggingar Íslands og Vinnumálastofnun eflid sem skilaði sér í að skuldir fortíðar hafa að mestu leiti verið gerðar upp.

Það er ærið verkefni að ná hallalausum rekstri HSS og í upphafi árs 2025 lá fyrir að stofnunin þyrfti að brúa bil sem nam tveimur og hálfri milljón á dag ef það markmið ætti að nást, alls 916 milljónum yfir árið, niðurstaðan varð 353,7 milljón króna halli, 5,5 %.

HSS stóð í ströngu á árinu og í samstarfi við heilbrigðisráðuneytið tókst að sækja aukið fjármagn til almenns rekstrar sem og mæta stærri skakkaföllum í rekstrinum sem ekki hafði verið gert ráð fyrir í áætlunum. Ráðuneytið hefur einnig stutt stofnunina varðandi viðhald og endurbætur húsnæðis og er þar margoð óunnið.

Stofnunin missti þó ekki móðinn og kom ákveðnum framförum í verk. Ný rannsóknatæki voru tekin í notkun sem gera stofnunina sjálfstæðari og sjálfbærari í framkvæmd blóðrannsókna og fjárfest var í uppbyggingu tækjakosts til sjúkrapjálfunar í nærumhverfi sjúklinga.

Drög að ársreikningi 2025

Rekstrarreikningur		Efnahagsreikningur	
Tekjur		2025	2024
Tekjufærsla fjárveitinga		5.568.370.421	5.572.775.448
Sala á vöru og þjónustu		777.450.288	405.148.404
Framlög og ýmsar tekjur		2.787.210	
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		75.182.633	70.836.771
Tekjur samtals		6.423.790.552	6.048.760.623
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		4.941.710.830	4.402.718.838
Annar rekstrarkostnaður		1.803.239.157	1.426.253.587
Afskriftir og niðurfærslur		75.182.633	70.836.771
Gjöld samtals		6.820.132.620	5.899.809.196
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(396.342.068)	148.951.427
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		42.787.825	4.424.717
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(230.907)	(682.712)
Fjármunatekjur og gjöld samtals		42.556.918	3.742.005
Afkoma ársins		(353.785.150)	152.693.432
Eignir			
Handbært fé			
Skammtímakröfur			
Tengdir aðilar			
Birgðir			
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Skuldir			
Aðrar skuldir			
Tengdir aðilar			
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda			
Eignir samtals að fráðregnum skuldum samtals			
Eigið fé			
Hrein eign			
Annað eigið fé			
Eigið fé og skuldir samtals			



HSS

HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURNESJA



Svipmyndir frá ársfundi Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja á Hótel Keflavík í maí 2025

Sjóðstreymisýfirlit					
Eignir samtals	31.12.2025	31.12.2024	Rekstrarhreyfingar	2025	2024
	64.761.489	17.588.070	Hreint veltufé frá rekstri:		
	310.756.688	355.298.972	Afkoma ársins	(353.785.150)	152.693.432
	38.466.248	44.055.484	Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
	20.538.421	20.504.414	Afskriftir	75.182.633	70.836.771
Skuldir samtals	278.141.878	325.355.611	Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára.....	(75.182.633)	(70.836.771)
	712.664.724	762.802.551		(353.785.150)	152.693.432
			Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:		
	847.728.573	870.480.889	Skammtímakröfur	44.542.284	(186.793.937)
	734.601.102	368.018.830	Tengdir aðilar	379.202.608	(671.608.075)
Fjárfestingarhreyfingar	397.209.847	437.392.480	Birgðir	(34.007)	7.152.502
	1.979.539.522	1.675.892.199	Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:		
			Skammtímaskuldir	(22.752.316)	276.142.946
	1.266.874.798	913.089.648		400.958.569	(575.106.564)
			Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	47.173.419	(422.413.132)
Fjármögnunarhreyfingar	(1.272.917.274)	(919.132.124)	Fjárfestingarhreyfingar		
	6.042.476	6.042.476	Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	(27.968.900)	(85.155.854)
	(1.266.874.798)	(913.089.648)		(27.968.900)	(85.155.854)
			Tengdir aðilar.....	27.968.900	85.155.854
	712.664.724	762.802.551		27.968.900	85.155.854
			Hækkun (lækkun) á handbæru fé	47.173.419	(422.413.132)
			Handbært fé í byrjun árs	17.588.070	440.001.202
			Handbært fé í árslok	64.761.489	17.588.070

Samfélagsleg ábyrgð



Frá opnun heilsugæslustöðvarinnar í Suðurnesjabæ.

Langþráð opnun heilsugæslu í Suðurnesjabæ

Íbúar Suðurnesjabæjar geta nú sótt heilsugæslu í heimabyggð eftir margra ára baráttu. Stöðin er til húsa í Vörðunni í Sandgerði og verður opin tvo daga í viku til að byrja með.

Það var hátíðleg stund miðvikudaginn 4. júní 2025 þegar heilsugæslustöðin í Suðurnesjabæ var formlega opnuð við Miðnestorg 3 í Sandgerði. Þar klipptu á borða Alma D. Möller heilbrigðisráðherra, Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og Magnús Stefánsson bæjarstjóri Suðurnesjabæjar.

Opnun stöðvarinnar eða heilsugæsluselsins markar tímamót í heilbrigðisþjónustu á svæðinu, en íbúar Suðurnesjabæjar hafa lengi kallað eftir því að fá aðgengi að heilsugæslu innan síns sveitarfélags. Nú er það loksins orðið að veruleika og verður þar boðið upp á almenna heilsugæsluþjónustu, bæði lækna- og hjúkrunarmóttöku, tvo daga í viku.

Þrautseigjan leiddi til árangurs

Undirbúningur verkefnisins hefur staðið yfir um árabíl. Húsnæði fyrir heilsugæslu í Vörðunni hafði staðið hálf klárað frá því byggingin var reist en var ekki tekið í notkun vegna niðurskurðar í kjölfar efnahagshrunsins 2008.



Uppbyggingin tók nýja stefnu í ágúst 2024 þegar Willum Þór Þórsson, páverandi heilbrigðisráðherra, Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir og Magnús Stefánsson undirrituðu viljayfirlýsingu um að opna heilsugæslustöð í Suðurnesjabæ fyrir sumarið 2025. Það markmið stóðst, og rúmlega það.

Glæsilegt húsnæði og öflugt samstarf

Húsnæðið í Vörðunni er sérstaklega innréttað fyrir starfsemi. Framkvæmdirnar voru í höndum Braga Guðmundssonar byggingarverktaka og hans teymis. Starfsmenn HSS og Suðurnesjabæjar sáu um hönnun, eftirlit og utnumhald og hlaut verkefnið mikið lof við opnunina. Sérstakar þakkir voru fluttar öllum þeim sem komu að verkefninu og gerðu opnunina að veruleika. Þjónustan í Vörðunni mun taka mið af þörfum íbúanna og þróast í takt við eftirspurn.

Þjónusta í þágu íbúa

Opnun heilsugæslunnar er stórt skref í átt að bættri aðstöðu og þjónustu í Suðurnesjabæ, sem hefur vaxið ört undanfarin ár. Bæjaryfirvöld telja verkefnið mikilvægt fyrir samfélagið og hvetja íbúa til að nýta þjónustuna sem nú er í boði í heimabyggð.





HSS

HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURNESJA

Fréttir af rannsókn

Um mitt ár 2025 var tekið í notkun nýtt tæki á rannsóknarstofu HSS, Cobas Pure. Nú er eitt öflugt tæki í notkun og ekki þörf á að flytja síni milli tækja, eins og áður var. Þetta minnkar líkur á mistökum og einfaldar alla verkferla innan rannsóknastofunnar. Auk þessa hefur svartími, þ.e. niðurstöður úr sýnum, styst vegna hraðari afgreiðslu sýna og hægt er að vinna fleiri sýni í einu, þar sem tækið nær að mæla mun fleiri sýni á klukkustund miðað við eldri tæki. Hægt er að bæta við nýjum mælingum og þannig auka þjónustuframboð rannsóknarstofunnar ef þörf er á. Nýtt tölvukerfi sem er tengt tækinu eykur sjálfvirkni, einfaldar söfnun gagna og þannig næst betra yfirlit yfir niðurstöður rannsókna. Þjónustuframboð á rannsókn var aukið á árinu. Nú er hægt að koma í blóðtöku á HSS eftir hádegi en ekki einungis fyrir hádegi eins og áður var.

Kennslu- sjúkrahús

HSS hefur stefnt að því að styrkja hlutverk sitt sem kennslusjúkrahús. Lengst af hefur meginhluti kennslu læknanema og kandidata átt sér stað á Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri. Á umliðnum árum hefur HSS komið að kennslu læknanema og lækna í sérnámsgrunni. Það er löng hefð fyrir því að vera með sérnámslækna í heimilislækningum og eru um tíu sérnámslæknar í því fagi í dag á HSS. Nú hillir undir að Landspítali og HSS undirriti formlegt samstarf um sérnám í bráðalækningum. Báðar stofnanir munu þar skuldbinda sig til samhfæingar varðandi gæði náms og framkvæmd þess. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir HSS og þjónustu á bráðamóttökunni að vera viðurkennt kennslusjúkrahús í bráðalækningum. Einnig er stefnt að því að HSS verði í framhaldinu kennslustaður fyrir hlutanám í almennum lyflækningum.

Mannauður

Stofnun ársins er viðamikil starfsumhverfiskönnun. Tilgangur hennar er að styrkja starfsumhverfi starfsfólks í opinberri þjónustu. Könnunin veitir ítarlegar upplýsingar um stöðuna, þ.e. styrkleika og áskoranir í starfsumhverfinu.

Gallup á Íslandi sér alfarið um vinnslu og framkvæmd könnunarinnar, þ.e. gagnaöflun, varðveislu gagna og skýrslugerð. Stofnun ársins er samstarfsverkefni Sameykis, fjármála- og efnahagsráðuneytisins og fjölmargra annarra stofnana en hún nær til um 35.000 manns á opinberum vinnumarkaði.

Mannauður	2025	2024	Próun
Fjöldi starfsfólks	491	443	48,00
Fjöldi stöðugilda	283	260	23,00
Heildareinkunn í Stofnun ársins	4,06	3,85	0,21

Stofnun ársins - niðurstöður

Páttur	2025	2024	
Heildareinkunn	4,06	3,85	0,21
Stjórnun	4,32	4,02	0,30
Starfsandi	4,31	4,22	0,09
Launakjör	3,02	2,71	0,31
Vinnuskilyrði	3,65	3,62	0,03
Sveigjanleiki vinnu	4,18	4,01	0,17
Sjálfstæði í starfi	4,26	4,03	0,23
Ímynd stofnunar	3,7	3,24	0,46
Ánægja og stolt	4,35	4,10	0,25
Jafnrétti	4,37	4,18	0,19

Viðverusamtöl og endurkomusamtöl innleidd á árinu 2025

Viðverusamtal er samtal milli starfsmanns og næsta yfirmanns þar sem rætt er um þætti sem geta haft áhrif á fjarveru frá vinnu. Tilgangurinn er að leita sameiginlegra leiða til að stuðla að vellíðan starfsmanns og draga úr veikindafjarveru. Tilgangur endurkomusamtala er að auðvelda starfsfólki að koma aftur til starfa eftir langvarandi veikindi. Viðtölin hafa gefist mjög vel og góðar undirtektir eru meðal starfsfólks og stjórnenda. Margt bendir til að samtölin skili árangri en veikindadögum hefur fækkað um rúmlega 1300 talsins á milli ára, það munar um minna.

Heilsuefling starfsfólks

Árlega er boðið uppá bólusetningar starfsfólks og reglulega eru haldin námskeið um skyndihjálp og önnur heilsutengd námskeið. Í boði eru árlegir styrkir til heilsueflingar starfsfólks HSS sem um 30% starfsfólks hefur nýtt sér.

Íslenskunámskeið

Á árinu var boðið upp á tvö íslenskunámskeið, annað fyrir byrjendur og hitt fyrir lengra komna. Námskeiðin voru haldin í samstarfi við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og var þátttakan framar öllum vonum. Íslenskunámskeiðin voru starfsfólki að kostnaðarlausu og haldin á vinnutíma til að auðvelda þátttöku. Námskeiðin eru liður í að auka öryggi og gæði þjónustu á HSS.



Nýr skynörvunarstóll á HSS

Stóllinn Wellness Nordic Relax Chair er gjöf þriggja Lionsklúbba í Reykjanessbæ Lionsklúbbsins Æsu, Freyju og Njarðvíkur til sjúkradeildar HSS. Þetta er hægindastóll sem sameinar skynörvun með hljóði, snertingum og hreyfingu. Stóllinn er með innbyggða hátalara með sefandi tónlist og mjúkri ruggandi hreyfingu. Þetta er nýjung í velferðartækni og dregur úr neikvæðum hegðunareinkennum hjá fólki með heilabilun og bætir líðan þeirra. Einnig hentar stóllinn vel fyrir einstaklinga með slæma verki, þá er það slökunin sem hjálpar til við að takast á við verkina. Myndin var tekin við afhendingu gjafarinnar í febrúar 2025.



Styrkir á árinu 2025

- Líknaraðstaða á hjúkrunardeild ásamt nýjum húsgögnum frá Oddfellowreglunni í Reykjanessbæ.
- Tanita vog frá Oddfellowreglunni í Reykjanessbæ í heilsuefandi móttöku á heilsugæslu.
- Peningagjöf frá ónefndum aðilum fyrir Boccia setti á hjúkrunardeild.
- 50.000 peningagjöf frá Grjótgarðar ehf til ljósmæðravaktar.

- Fjartúlkun í heilbrigðisþjónustu hlaut styrk að upphæð kr. 1,2 m.kr frá heilbrigðisráðuneytinu. Markmið verkefnisins er m.a. að heilbrigðisþjónusta verði bætt og aðgengi að henni aukið með því að nýta tækni og fjarskipti við framkvæmd þjónustu.

- Sjúkradeild fékk skynörvunar og slökunarstól, að andvirði um 1,5 milljón króna, afhentan í febrúar 2025 sem þrír Lionsklúbbar á Suðurnesjum sameinuðust um að gefa: Lionsklúbburinn Freyja, Lionsklúbbur Njarðvíkur og Lionsklúbburinn Æsa.

**HSS**HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURNESJA

Húsnæði HSS

Húsnæði sem uppfyllir kröfur er nauðsynlegt til að tryggja öfluga og örugga heilbrigðisþjónustu fyrir íbúa svæðisins. Á undanförunum árum hefur íbúum á Suðurnesjum fjölgað verulega og álag á heilbrigðisþjónustu aukist samhlíða því. Auk þess sinnir stofnunin mikilvægu hlutverki í tengslum við Keflavíkurflugvöll og þá auknu umferð ferðamanna sem fer um svæðið.

Húsnæði HSS hefur ekki fylgt þessari þróun. Hluti húsnæðis stofnunarinnar hefur verið ónothæft í hart nær 20 ár og legið undir skemmdum, ókynnt og án loftræsingar. Þau rými sem eru í notkun uppfylla sum hver ekki þær kröfur sem gerðar eru til húsnæðis fyrir heilbrigðisþjónustu. Þetta hefur kostnaðarsöm áhrif á skipulag starfseminnar, vinnuumhverfi starfsfólks og upplifun sjúklinga af þjónustunni.

Gerð hefur verið þarfagreining fyrir húsnæði HSS og ljóst er að ef uppbygging stofnunarinnar á fram að ganga verður að gera bragarbót á húsnæðinu, auk þess sem þörf er á viðbótar-

húsnæði svo starfsemin geti þjónað samfélaginu sem skyldi. Gerð var markaðskönnun á vegum FSRE á framboði á húsnæði í Reykjanesbæ fyrir heimahjúkrun og sálfélagslega þjónustu og í framhaldinu hefur fengist samþykki fyrir því að fara í útboð fyrir þá starfsemi á árinu 2026.

Einnig hefur fengist samþykkt að gera sjúkrabíllainnkeyrslu en það hefur tekið nokkuð langan tíma að fara í lokahönnun á því verkefni og vonast er til að hægt verði að hefja framkvæmdir um mitt ár 2026.

Það er öllum helstu hagaðilum ljóst að brýnt er að ráðast í markvissa uppbyggingu og endurnýjun húsnæðis HSS með það að markmiði að bæta aðstöðu, auka hagkvæmni í rekstri og styðja við áframhaldandi þróun þjónustunnar. Með slíkum úrbótum verður hægt að skapa betri aðstæður fyrir bæði starfsfólk og sjúklinga og tryggja að heilbrigðisþjónusta á Suðurnesjum standist þær kröfur sem samfélagið réttléga gerir til hennar.





Heilsugæsla

Fjölmenntu á íbúafund í Suðurnesjabæ



Íbúar í Suðurnesjabæ fjölmenntu á íbúafund sem Heilbrigðisstofnun Suðurnesja efndi til í Sandgerði í maí 2025. Tilgangur fundarins var að kynna starfsemi heilsugæslu sem síðan opnaði í Vörðunni í Sandgerði í byrjun júní sama ár. Í boði verður öll almenn heilsugæsluþjónusta fyrir íbúa Suðurnesjabæjar.



HSS

HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURNESJA